

**AUGLÝSING****um umferð í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.**

Vegna óvenju mikillar bifreiðaumferðar um svonefndan Stapafellsveg frá Stapafelli að Keflavíkurlugvelli í sambandi við mannvirkjagerð á flugvellinum, er hér með ákveðið samkvæmt heimild í 4. málsgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, að umferð um Stapafellsveg hafi forgangsrétt fyrir umferð um Hafnaveg, þar sem vegir þessir skerast í Hafnahreppi. Gildir þetta ákvæði frá og með 10. júní 1972, þar til öðruvísi verður ákveðið.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 8. júní 1972.*

**Einar Ingimundarson.**

15. júní 1972.

Nr. 250.

**AUGLÝSING****um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Niðurlag 2. töluliðar auglýsingar um umferð í Kópavogi frá 30. desember 1971 breytist þannig, að í stað orðanna „svo og skal umferð til suðurs norðan Hábrautar hafa stöðvunarskyldu við gatnamót Hábrautar“ komi: svo og skal umferð til suðurs norðan Hábrautar hafa biðskyldu skv. ákvæðum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga, við gatnamót Hábrautar.
2. Á tengivegi frá Hafnarfjarðarvegi á Kársnesbraut (vestan Hafnarfjarðarvegar) eru allar stöður bifreiða bannaðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 15. júní 1972.*

**Sigurgeir Jónsson.**

23. júní 1972.

Nr. 251.

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verða bannaðar á akbraut Ljósheima að norðaustanverðu frá Álfheimum að stíg, sem liggur á milli Ljósheima og Sólheima.

2. Teknir verða í notkun stöðumælar við Skúlagötu að austanverðu, framan við húsin nr. 61 og 63. Gjald verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur, en hámarksstöðutími ein klukkustund.

Framangreindar reglur gilda frá 30. júní 1972.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 23. júní 1972.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur verið ákveðið að leyfa strætisvögnum að aka norður Aðalstræti frá Kirkjustræti gegn einstefnuakstri, sem ákveðinn hefur verið um götuna fyrir umferð annarra ökutækja.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 11. ágúst 1972.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

### 1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 16500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 70 200 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2500 vinningar í 12. flokki.

### 2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 1 800.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 150.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969, öðlast gildi 1. janúar 1973.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150 25. október 1961.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. ágúst 1972.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*